

## **Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 29. desember 2017 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-63/2017.

### **I**

#### **Álitaefni og kröfugerð**

Þann 5. september 2017 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á notaðri bifreið af Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi segir bifreiðina gallaða og krefst riftunar eða skaðabóta.

### **II**

#### **Málsmeðferð kæruneftndarinnar**

Með bréfi, dags. 29. september 2017, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og honum veittur tveggja vikna frestur til að skila þeim. Seljandi nýtti sér ekki þá heimild. Frekari athugasemdir bárust nefndinni ekki.

### **III**

#### **Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Álitsbeiðandi keypti bifreiðina XX-000 þann 14. júní 2017 af seljanda, í gegnum bifreiðauppboð hjá fyrirtækinu Z, fyrir 235.000 krónur. Bifreiðin er af gerðinni Jeep Grand Cherokee, árgerð 1999 og hafði verið ekin 226.299 km. á kaupdegi.

Að sögn álitsbeiðanda áætlaði hann að bifreiðin væri í ökuhæfu standi þar sem í auglýsingu sagði „Bíll í góðu lagi“ en segir að síðar hafi margvíslegir annmarkar komið í ljós á bifreiðinni. Bifreiðin lekur út rafmagni að sögn álitsbeiðanda, rásar við keyrslu, er þung við stýri og það glamrar í ventlum. Starfsmenn Z höfðu samband við fyrri eiganda sem vildi ekki koma til móts við álitsbeiðanda og sagði að við þessu mætti búast þegar gamlar bifreiðar væru keyptar.

Álitsbeiðandi krefst þess fyrir kæruneftndinni að kaupunum verði rift og seljandi beri kostnað af viðgerð við bifreiðina. Að sögn álitsbeiðanda hefur bifvélavirki sagt að það svari ekki kostnaði að gera við bifreiðina en álitsbeiðandi kveðast þegar hafa kostnað til um 100.000 krónur í viðgerð við þakningu á drifi, hjólastillingu, skoðun og tryggingar.

### **IV**

#### **Niðurstaða kæruneftndarinnar**

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Líkt og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi bifreiðina XX-000 þann 14. júní 2017 af seljanda fyrir 235.000 krónur. Bifreiðin er árgerð 1999 og var því um 18 ára og hafði verið ekin 226.229 km. á kaupdegi. Í auglýsingu við uppboð á bifreiðinni kemur fram að bifreiðin sé „í góðu lagi“ en síðar segir álitsbeiðandi að ýmsir annmarkar hafi komið í ljós og ekki svari kostnaði að gera við bifreiðina.

Í kaupsamningi og afsali fyrir bifreiðinni, dags. 14. júní 2017, segir m.a. eftirfarandi: „Bifreiðin sem er tjónuð, selst í núverandi ástandi, sem kaupandi hefur kynnt sér

og sætt sig við að öllu leyti.“ Kærunefndin álitur að um kaupin gildi 16. og 17. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.) en í 1. mgr. 17. gr. kemur fram að þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekkingum almennum fyrirvara teljist hann gallaður þegar:

- „a. ástand söluhlutar er verra en neytandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti;
- b. fyrir liggja atvik sem lýst er í b- eða c-lið 1. mgr. 16. gr.“

Þá segir í 2. mgr. 17. gr. nkpl. að ef notaðir hlutir eru seldir á uppboði þar sem neytandi hefur haft möguleika á að vera viðstaddur gildi ákvæði 1. mgr. eftir því sem við getur átt.

Í b- og c- lið 16. gr. segir síðan að söluhlutur sé gallaður ef:

- „b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin;
- c. hann svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin;“

Í 3. mgr. 16. gr. nkpl. kemur fram að neytandi geti ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð.

Í framangreindum ákvæðum er annarsvegar kveðið á um upplýsingaskyldu seljanda og aðgæsluskyldu kaupanda, auk þess sem í a- lið 1. mgr. 17. gr. er kveðið á um að söluhlutur sé gallaður þegar ástand hans er verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur ekki sýnt fram á það í málinu að seljandi hafi vanrækt að gefa upplýsingar um bifreiðina sem hann hafi þekkt til eða hlaut að þekkja til, sbr. b-liður 16. gr. nkpl. Ekki liggur fyrir að seljanda hafi verið kunnugt um tiltekna annmarka á bifreiðinni við kaupin og er því ekki unnt að líta svo á að galli hafi verið til staðar á þeim grundvelli. Þá telur nefndin í ljósi aðstæðna ekki unnt að líta svo á að bifreiðin svari ekki til upplýsinga sem seljandi hafi gefið um hana samkvæmt c-lið 16. gr. nkpl. Í auglýsingu á uppboðsvef Króks kom fram að bifreiðin væri „í góðu lagi“ en ekki er unnt að líta á slíka lýsingu sem yfirlýsingu um tiltekið ásand bifreiðar án þess að taka tillit til annarra aðstæðna líkt og aldurs bifreiðar og kaupverðs. Stendur þá aðeins eftir mat á því hvort ástand bifreiðarinnar hafi verið verra en álitsbeiðandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti, sbr. a-lið 1. mgr. 17. gr. nkpl.

Um 18 ára gamla bifreið er að ræða sem ekin hafði verið 226.229 km. á kaupdegi. Ekki er unnt að ætlast til þess að bifreiðar sem hafa náð þeim aldri og verið keyrðar slíkar vegalengdir muni ekki þarfnast viðhalds eða viðgerða sem jafnframt geta orðið kostnaðarsamar. Nefndin lítur svo á að þeir annmarkar sem álitsbeiðandi kveður vera á bifreiðinni falli undir það sem kalla má eðlilegt og fyrirsjáanlegt viðhald þegar litið er til aldurs, mikillar keyrslu og kaupverðs bifreiðarinnar. Þá er stór hluti þeirra annmarka, sem álitsbeiðandi telur vera galla, þess eðlis að að álitsbeiðandi hafi mátt verða þeirra var við skoðun áður en kaupin fóru fram. Í auglýsingu Króks á bifreiðinni er sérstaklega tekið fram að það sé áriðandi að kaupendur skoði uppboðsmuni áður en boð eru gerð. Þar kemur einnig fram að unnt sé að skoða uppboðsmuni alla virka daga í húsnæði Króks á milli klukkan 8.30

og 17.00. Gaf hár aldur og mikil keyrsla bifreiðarinnar álitsbeiðanda sérstakt tilefni til að skoða hana ítarlega, sér í lagi þegar litið er til þess að um tjónabifreið er að ræða.

Af framangreindu álitur nefndin að bifreiðin hafi ekki verið haldin galla við kaupin enda hafi ástand hennar ekki verið til muna verra við kaupin en álitsbeiðandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti, sbr. a-liður 1. mgr. 17. gr. nkpl. Verður því að hafna kröfum álitsbeiðanda.

## V Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

---

Áslaug Árnadóttir  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hrannar Már Gunnarsson